

Skólaleikrit

ÍDUNN OG EPLIN

KOLBRÚN ANNA BJÖRNSDÓTTIR



NÁMSGAGNASTOFNUN
2010

Persónur:

Frigg

Loki

Iðunn

Sif

Heimdallur

Óðinn

Freyja

Týr

Skaði

Baldur

Njörður

Nanna

Þjassi

FORMÁLI

FRIGG gengur fram fyrir tjaldið og talar til áhorfenda.

FRIGG: Við bjóðum ykkur velkomna, kæru gestir.
Það er auðmjúk von okkar að sem flestir
hafi af þessum litla þætti gaman
og að við njótum stundarinnar saman.
Samkvæmt gamalli hefð mun ég formála flytja
og undir því verðið þið víst að sitja.
Þið afsakið skáldsins leirburð og hnoð
þegar birtast á sviðinu gyðjur og goð.
Þið undrist ef til vill dirfsku okkar og þor
að reyna að setja okkur í guðanna spor.
Við frábiðjum okkur þó harða dóma
því við reynum af mætti að vera til sóma.
Við viljum alls ekki að þeim hæðast
heldur teljum við skyldu okkar að fræðast
um goð, menn og vættir fyrri tíma
við minnum ykkur á að slökkva á síma.

1. ATRIDI

IÐUNN gengur raulandi um með garðkönnu, vökvar blóm og talar við þau. Rétt hjá henni liggur skrin með eplum eilífrar æsku. LOKI læðist fram á sviðið. Hann sér IÐUNNI en fer að sviðsbrúninni og talar við áhorfendur.

LOKI: Æ, nú er illt í efni!
Ég gaf Þjassa jötni loforð sem ég glaður vildi svíkja,
en loforð er loforð og undan því skal enginn víkja.
Í arnarham hann klónum í mig krækti,
eins og mús ég engdist um og skrækti.
Þjassi flaug samt sífellt hærra
og hjartað í mér varð smærra og smærra.
Ég grátbað um grið, að hann mér slepti;
en Þjassi hló og klónum fastar kreppti.
„Aumur ertu Loki, greyið!
Hátt hefðu guðir og jötnar hlegið,
hefðu þeir heyrt þetta endemis gól!“
Þjassi er hið allra versta fól.
Þá hvæsti Þjassi hásum róm:
„Ég læt ekki sitja við orðin tóm,
vittu að ég mun deyða þig,
nema þú gerir samning við mig.“
Ég auðmjúkur lofaði hverju sem væri
og örninn gargaði: „Loki, minn kæri,
færðu mér Iðunni og epli æskublóma
sem skærar en sólin roðagullin ljóma.“
Nú neyðist ég Þjassa jötni að hlýða.
Úr Ásgarði hverfur brátt Iðunn blíða.

LOKI snýr sér að IÐUNNI og gefur henni til kynna að hann sé kominn með því að ræskja sig.

IÐUNN: Nei, komdu sæll Loki. Ég tók ekki eftir þér. Vantar þig eplisbita? Mér sýnist þú vera eitthvað grár og gugginn í dag.

LOKI grettir sig til áhorfenda, sármóðgaður yfir að vera kallaður grár og gugginn.

LOKI: Reyndar var erindi mitt við þig annað en takk samt. Mig langaði að sýna þér tré sem ég fann í skógi hér rétt hjá. Það ber ávexti sem eru ótrúlega líkir gulleplunum þínum.

IÐUNN: Það getur ekki verið. Eplin mín eru einstök.

LOKI: Jú jú, þetta eru alveg eins epli. Viltu ekki kíkja á þau með mér? Ég er viss um að Óðinn verður glaður að vita af aukabirgðum af eplum.

IÐUNN: Nú jæja, fyrst þú endilega vilt, Loki minn. Sýndu mér þá þessi epli.

LOKI: Gleymdu ekki að taka eplaskrínið með þér svo við getum borið þín epli saman við mín.

IÐUNN: Já, það er góð hugmynd!

IÐUNN tekur upp eplaskrínið og þau LOKI fara út af sviðinu saman.

2. ATRIDI

SIF, ÓÐINN, FREYJA, TÝR, NANNA, FRIGG, BALDUR og NJÖRÐUR staulast inn á sviðið. Þau eru öll orðin gömul og hrum því þau hafa ekki fengið epli í nokkra daga. Þau leita að IÐ-UNNI. SIF reynir stöðugt að koma orði að en í hvert sinn er gripið fram í fyrir henni.

NANNA: Iðunn?!

ÓÐINN: Hvert hefur hún farið?

SIF ætlar að segja eitthvað en TÝR grípur fram í fyrir henni.

TÝR: Nú erum við búin að leita um allan Ásgarð en hvergi hefur sést tangur né tetur af henni!

FREYJA: Ég skil ekkert í henni! Hún veit að ég verð að fá epli daglega til að halda mér ungrri og aðlaðandi! Hvernig er hægt að ætlast til þess að mannfólkið tilbiðji frjósemisgyðju sem er orðin hrukkótt og gráhærð? Uppskeran hreinlega bregst!

SIF reynir aftur að tala en BALDUR grípur fram í fyrir henni.

BALDUR: Endemis vitleysa er þetta! Ekki get ég séð að ég verði eitthvað minna aðlaðandi þó ég gráni svolítið í vöngum.

FRIGG: Þú ert alltaf jafn myndarlegur, elsku drengurinn minn.

FREYJA: (*hnussar*) Hverjum þykir sinn fugl fagur, þó hann sé bæði ljótur og magur!

FRIGG og BALDUR verða sármóðguð.

ÓÐINN: Þetta var nú óþarfi, Freyja mín.

NJÖRÐUR: Baldur getur sjálfum sér um kennt!

NANNA: Hættu að vera alltaf að öfundast út í Baldur, Njörður! Það vita allir að bæði Freyja og Baldur eru forkunnarfögur ...

TÝR: Byrjar þú líka.

SIF reynir að stilla til friðar en hin snúa sér frá henni, hvert að öðru og halda áfram að rífast. SIF gefst upp á þeim og snýr sér til áhorfenda.

SIF: Þið heyrið hvernig þau karpa öll og kíta eins og smábörn sem ekki má af líta! Svona hafa þau látið síðustu daga. Hvern morgun byrjar þessi sama saga. Ég reyni af megni að stilla til friðar, en er bara umsvifalaust ýtt til hliðar! Iðunnar höfum leitað bæði hátt og lágt en hefur enn þá orðið svara fátt. Án eplanna verðum við gömul, örg og lúin og ég er hreinlega alveg búin! Iðunni er hér hvergi að finna, þó hefur hún mikilvægum skyldum að sinna. Það er ekki henni líkt að hverfa svona! Hvar í ósköpunum ertu kona?!

HEIMDALLUR kemur gangandi inn á sviðið.

HEIMD.: Hvað er með ásum?

NJÖRÐUR: Æ, æsir eru bæði æstir og leiðir!

FREYJA: Iðunn er horfin með eplin!

HEIMD.: Hvað segið þið?! Ég sem ætlaði einmitt að hitta hana og fá eplisbita hjá henni!

ÓÐINN: Nú verðum við að fara yfir málið eins skipulega og vel og hægt er. Hver sá Iðunni síðast?

SIF: Við fórum saman í gönguferð í fyrradag.

NANNA: Nei, manstu ekki Sif? Það var daginn þar á undan. Við fórum að safna fjalla-grösnum.

BALDUR: Ég hitti ykkur einmitt þá.

FRIGG: Hún kom til mín í fyrradag og fékk hjá mér kryddjurtaknippi og hunang.

ÓÐINN: Það var þá sem við fengum síðast epli hjá henni.

NJÖRÐUR: Ég hitti hana líka í fyrradag til að fá hjá henni epli.

FREYJA: Það eru fjórir dagar síðan ég fékk síðast epli! Þið sjáið hvað ég er illa leikin! Grá og hrukkótt!

TÝR: Þú ert hvorki grá né hrukkótt, bara glæsileg eins og alltaf, Freyja mín.

TÝR blikkar FREYJU sem brosir ánægð.

HEIMD.: Ég sá hana síðast röлта út úr Ásgarði með Loka í gærmorgun.

ÓÐINN: Loki! Það hlaut að vera að hann hefði komið eitthvað nálægt þessu! Segðu okkur nákvæmlega hvað þú sást!

HEIMD.: Sko ...
Eftir morgunmjöðinn fór ég út til að spræna
og eins og vant er fór ég að mæna,
leita að óvinum eins og ávallt og æ
það er nú fyrir það sem ég launin mín fæ.
En allavega ...
sem ég skima yfir skóga og strendur
sé ég hvar Iðunn hjá Loka stendur.
Þau ganga svo út fyrir landamærin okkar
og það er greinilegt að Loki Iðunni lokkar.
Ég sé þau hverfa inn í stóran skóg
þá var ég búinn að míga nóg.
En sko ...
þegar ég er svo á leiðinni aftur inn
flýgur stærðar örn yfir kollinn minn.
Á einhverju smáu í klónum heldur,
nú veit ég ekki vel hvað veldur,
en mér finnst sem það kalli nafnið mitt.
Ætli mjöðurinn segi ekki um það sitt ...

ÓÐINN: Týr! Njörður! Finnið Loka!

TÝR og NJÖRÐUR fara út af sviðinu. Hin skvaldra, æst og óróleg.

3. ATRIDI

TÝR og NJÖRÐUR koma inn með LOKA á milli sín. Þögn slær á hópinn. ÓÐINN stígur fram og horfir á LOKA, þungur á brún.

ÓÐINN: Enginn er reykur án elds ...

FREYJA: Og enginn er eldur án Loka!

FRIGG: Það hlaut að vera að Loki væri flæktur í þetta?

HEIMDALLUR fussar og hristir höfuðið. Hann horfir ásakandi á LOKA.

BALDUR: Hvað gerðirðu Iðunni eiginlega?!

NANNA: Já, hvar er hún?

SIF: Verið róleg! Ég er viss um að Loki reynir að koma öllu í lag ...

TÝR þrífur í hálsmálið á LOKA.

TÝR: Svona, út með það, naðran þín!

LOKI: Við Iðunn vorum að skoða epli í skóginum þegar Þjassi jötunn kom fljúgandi í arnarham, hrifsaði Iðunni upp með klónum og flaug með hana í burtu.

ÓÐNI sárnar auðsjáanlega.

ÓÐINN: Sækr að mér harmr sár,
sjá má blika á hvarmi tár,
þá lymskufullr lygaóðr
Loki, blekkur fósturbróðr.
Víst þú verndar minnar nýtr
þar til þolinmæði ása þrýtr.
Þinna svika dýru verði geldr
sem undan sviði af eitri eldr.
Farðu strax á Þjassa fund
og sæktu hina fögru sprund.
Iðunn björgun sinnar bíðr.
Fljótr nú, því tíminn líðr!
Í fuglsins líki ferðast fljótast,
skulum því til Freyju skjótast.
Ótal hami þar má sjá ...
já, þetta gengur, svei mér þá!

ÓÐINN rýkur strax af stað út af sviðinu og allir hinir elta hann nema FREYJA. Hún stendur móðguð og sár eftir og kvartar við áhorfendur:

FREYJA: Já var það ekki bara?
Þarna rjúka þau öll af stað
og ekkert þeirra fæst um það
að spyrja húsráðandann, mig,
hvort megi þau fá hjá mér ham á sig!
Alltaf sama tillitsleysið!
Ég er ofurviðkvæm tilfinningavera
og þarf því þungar byrðar að bera.
Er til of mikils ætlast, virkilega,
að komið sé fram við mann kurteislega?
Þælið í því!
Það á bara að hafa mig upp á punt
en það ristir allt of grunnt.
Ég hef aldrei um neitt að segja:
„Stattu, sittu, komdu með hamina, Freyja!“
Finnst ykkur þetta hægt?
Nú eru þau öll að róta heima,
í tætingi hvert annað um skápana teyma.
Nú get ég ekki lengur hangið hér.
Ég þarf að taka stjórnina heima hjá mér!
Áður en þau skemma allt ...

FREYJA flýttir sér út af sviðinu á eftir hinum.

4. ATRIDI

SKAÐI og IÐUNN ganga saman inn á sviðið. IÐUNN er leið og gengur hægt. SKAÐI reynir að hressa hana við.

SKAÐI: Mikið er ég fegin að ég fékk þig loksins til að koma út að ganga með mér. Hvað segirðu um að ganga niður að vatninu áður en við snúum aftur heim?

IÐUNN: Nei þakka þér. Ég treysti mér ekki til að ganga lengra í dag.

SKAÐI: Jæja ... já ... ég held ég fari samt aðeins lengra. Væsir nokkuð um þig hér á meðan?

IÐUNN: Nei, nei. Ég hef það bara fínt hér.

SKAÐI: Ég verð ekki lengi.

SKAÐI fer. IÐUNN andvarpar og sest niður. IÐUNN talar við áhorfendur.

IÐUNN: Æ hvað ég get verið auðtrúa,
að láta Loka svona á mig snúa!
Ég missi næstum stjórn á skapi mínu
þegar ég hugsa um þá kvöl og þínu
að þurfa að dúsa hér í jötunheimi.
Þótt æsir sendu af stað leitarteymi,
jafnvel margra þúsunda manna her,
dytti engum í hug að leita mín hér!
Skaði Þjassadóttir má þó eiga það
að hún léttir dvöl mína á þessum stað.
Hún er svo sannarlega betri en enginn
þó gleði mín sé aðeins með frelsinu fengin.

LOKI læðist inn á sviðið, enn þá í fuglshamnum.

LOKI: Psst! Iðunn! Þetta er ég.

IÐUNN: Loki!

LOKI: Ekki vera hrædd! Ég ætla að breyta þér og eplunum í hnotu og fljúga með þig heim til Ásgarðs í klónum.

IÐUNN: Hvernig á ég að geta trúað eða treyst nokkru sem þú ...

LOKI kippir IÐUNNI af stað og þau hlaupa út af sviðinu. SKAÐI kemur inn á svið og rétt missir af þeim. Hún hleypur á eftir þeim en kemur svo aftur inn á svið, mjög vonsvikin og pirruð.

SKAÐI: (kallar) Pabbi!!!

ÞJASSI kemur hlaupandi inn á svið til hennar.

SKAÐI: Það kom valur fljúgandi og rændi Iðunni burt frá okkur! Þetta hlýtur að hafa verið einhver ásanna.

ÞJASSI: Æsirnir alla svíkja!
Þeim mætti frekast líkja
við lævísa refi
og langt nef þeir gefi
öllum sem yfir þeir ríkja!
Ég hugðist veiða einn tarf
en hann mér sjónum hvarf.
Fann hann yfir eldi,
þegar dró að kveldi,
sat þar Loki og hnífinn sinn svarf.
Óðinn reyndi að steikja,
láta eldinn kjötið sleikja
en ég náði að blekkja,
á goðum að klekkja,
með að áhrifum eldsins burt feykja!
Það er skemmst frá því að segja
að mér tókst loks Loka að beygja
undir minn vilja
og loforðin þylja
um að Iðunn hjá mér skyldi þreyja.

SKAÐI: Já, já, drífðu þig þá af stað til að ná henni aftur!

ÞJASSI: Komdu og hjálpaðu mér með arnarhaminn.

SKAÐI og ÞJASSI fara út af sviðinu.

5. ATRIDI

ÓÐINN, FRIGG, SIF, NANNA, BALDUR, FREYJA, TÝR og NJÖRÐUR standa saman í hnapp og horfa spennnt á eftir einhverju koma fljúgandi frá vinstri hlið sviðsins til hægri.

FREYJA: Ó nei! Þjassi er í arnarham sem er miklu kraftmeiri en valshamurinn sem ég lánaði Loka! Hann fer alveg að ná þeim!

TÝR: Sif! Baldur! Komið með mér!

TÝR, SIF og BALDUR hlaupa út af sviðinu hægra megin. Hávær dynkur og læti heyrast utan sviðs stuttu síðar og goðin bregðast við eins og þau hafi séð slys en er svo létt: TÝR kemur inn á sviðið hægra megin með IÐUNNI í fanginu og LOKI haltrar inn á eftir þeim. SIF og BALDUR koma inn á eftir LOKA.

TÝR: Ég er maður fárra orða
og stunda ekki að hreykja mér:
Með klókindum mér tókst að forða
fljóði því sem sjáið hér!
Er krafta Loka tók að þverra
samstundis ég skarst í leik.
Gat vart orðið miklu verra
en kænsla mín mig ekki sveik.
Stóran stafla af mjúkum spæni
setti undir Ásgarðs vegg.
Beið með kyndil Týr hinn kæni
eftir Þjassa arnarsteggi.
Fyrst þau Loki og Iðunn lenda
í lungamjúkum staflanum.
Næst var ætlun mín að henda
og kveikja í með kyndlinum.
Örninn svo með ógnar gargi
kastar sér á eftir þeim.
Í björtu báli ég farga vargi
þar Þjassi kveður þennan heim.

IÐUNN: Það er ekkert eftir af honum nema þessir tveir glitsteinar! (*Sýnir tvo demanta sem hún hefur í lófanum.*) Ég skelf enn þá eftir þessa flugferð!

ÓÐINN: Mikið er gott að fá þig heim!

FRIGG: Elsku Iðunn mín! Hvað við vorum hrædd um þig!

SIF: Þú hlýtur að vera þreytt eftir þessa svaðilför!

NANNA: Komdu og hvíldu þig ...

BALDUR: Fáðu þér mjaðarsopa ...

FREYJA: Ertu ekki örugglega með eplin með þér?

NJÖRÐUR: Já, ég gæti alveg þegið einn bita núna ...

TÝR: Leyfið henni nú aðeins að jafna sig. Hún er rétt nýsloppin úr bráðum lífs-
háská!

LOKI: Jú, jú, þetta var svo sannarlega hryllilegt ... ef ég hefði ekki bjargað henni
svona snilldarlega ... (*LOKI þagnar þegar TÝR og ÓÐINN gefa honum illt
auga.*)

HEIMDALLUR kemur hlaupandi inn á sviðið.

HEIMD.: Skaði Þjassadóttir er á leiðinni og heldur yggld á brá!

ÓÐINN: Hún mun komin til að krefjast bóta fyrir föðurmissinn.

6. ATRÍÐI

SKAÐI kemur inn á svið. Hún er mjög vígaleg. Æsir verða hálfhræddir nema ÓÐINN sem er sallarólegur.

SKAÐI: Þið hafið myrt föður minn! Búið ykkur undir að taka afleiðingum gjörða ykkar!

ÓÐINN: Róleg nú, Skaði mín! Mér þykir afskaplega leitt að svona skyldi fara en þú verður að muna að það var hann sem hóf illindin okkar í millum.

FRIGG: Og nú verða þessi illindi að taka enda. Við bjóðum þér að sjálfsögðu bætur, Skaði mín.

SKAÐI: Hvernig hyggjast æsir bæta fyrir látinn föður?

LOKI: Með lifandi eiginmanni kannski?

SKAÐI: Eiginmanni? Hvílík ósvífni! Það gæti aldrei, næstum hreinlega alls ekki, ómögulega, kannski mögulega, kannski jafnvel verið vel athugandi ...

ÓÐINN: Það var nú kannski ekki það sem ég hafði í huga Loki! ... en ef Skaði vill slíka bót verðum við að verða við því.

NANNA: *(við áhorfendur)* Æ nei! Nú velur hún Baldur ... við sem vorum rétt að byrja að hittast á laun ...

BALDUR: *(við áhorfendur)* Æ nei! Nú velur hún mig!
Ég sé hvernig á mig hún starir
og einbeitt nú kiprar hún varir.
Hún þekkir mannkosti mína
og með vali sínu mun þína
foreldra mína, Óðinn og Frigg,
sem yrðu bæði sérlega hrygg.
En hjarta mitt tilheyrir Nönnu
og á hún það skuldlaust með sönnu.
Svo ég get ekki kvænst henni Skaði
þó boðið væri allt heimsins súkkulaði!
Hvernig kem ég mér undan þessu?
Æ, skrambans, nú fer allt í klessu!

FREYJA: Þér getur ekki verið alvara, Óðinn! Á Skaði að fá að velja sér einn ása fyrir eiginmann? Bara sí svona eins og ekkert sé?

ÓÐINN: Ef það eru bæturnar sem hún getur fallist á, þá verður svo að vera. Skaði má kjósa sér einn ása fyrir mann en án þess þó að vita hvern hún kys!

SIF: Hvað áttu við með því?

ÓÐINN: Sækið fyrir mig dúk og strengið hann hér á milli ykkar þannig að neðri brúnin sé hálfu feti frá jörðinni.

FREYJA og FRIGG sækja dúkinn og halda honum þannig að hann er strengdur þvert yfir sviðið á milli þeirra. Á meðan þær eru að því, færir ÓÐINN aðra til á sviðinu.

ÓÐINN: Skaði mín, þú átt að standa hérna megin við dúkinn. Iðunn, Nanna og Sif þið verðið hjá mér. Drengir mínir, þið farið allir á bak við dúkinn.

Allir hlýða Óðni hratt og hljóðlaust.

TÝR: Hvað eigum við að gera hér?

ÓÐINN: Nú farið þið úr sokkum og skóm, lyftið buxnaskálmunum upp fyrir hné og raðið ykkur svo upp hlið við hlið. Skaði snýr sér undan á meðan þið komið ykkur fyrir því hún má ekki vita hver ykkar er hvar.

TÝR, HEIMDALLUR, BALDUR, FREYR og NJÖRÐUR flýta sér úr sokkum og skóm, lyfta upp buxnaskálmunum og raða sér upp þannig að bara sjást berir fætur undan dúknum.

ÓÐINN: Jæja Skaði, nú mátt þú velja þér mann!

7. ATRIDI

SKAÐI gengur með fram dúknum og skoðar fæturna gaumgæfilega. Hún staldrar við hvern nýjan fót og ber saman við þann á undan. ÓÐINN, NANNA, SIF, FRIGG og FREYJA fylgjast spennt með. NANNA er sérlega óróleg.

SKAÐI: Nú verð ég að vanda valið!
Oft valkvíði hefur mig kvalið
en aldrei sem nú
því brátt verð ég frú
og eiginmannsefnið er falið!
Þessi hefur ljóta fætur
og annar illa lætur!
Og hvað sé ég þá?
Skítuga tá!
Seint finnast Skaðabætur.
Hér held ég bara að ég staldri
enda mætti eyða mannsaldri
í leit að fótum
jafn lítið ljótum
því fátt mun ljótt á Baldri!

ÓÐINN bendir FRIGG og FREYJU á að láta tjaldið falla niður. Sést þá að SKAÐI hefur valið NJÖRÐ.

ÓÐINN: Hér sérðu, Skaði, eiginmann þinn og bótina fyrir föðurmissinn.

SKAÐI: Njörður!?

NJÖRÐUR: Mér finnst sem hjartað í mér dansi
og augun bæði ljómi og glansi.
Skaði er mikil kjarnakona
og nú ætla ég aldeilis rétt að vona,
að hún hönd mína og hjarta þiggi
en ekki mér hafni og illa hryggi.
Nú eygi ég loksins framtíð bjarta
þó Skaðabót sé, skal ég ekki kvarta;
ég skal bjóða henni ást og hlýju
svo taki hún brátt gleði sína að nýju.

SKAÐI: Ég giftist þá Nirði.

NJÖRÐUR: Ég býð til veislu í Nóatúnum! Fylgið mér og brúði minni!

NJÖRÐUR býður SKAÐI hönd sína og þau leiðast út af sviðinu. Hin goðin elta þau út nema BALDUR og NANNA. BALDUR brosir til NÖNNU og blikkar hana áður en hann eltir hin. NANNA verður ein eftir á sviðinu.

EFTIRMÁLI

NANNA: Nú Ásgarð við kveðjum að þessu sinni og stund okkar hér líður senn úr minni. Við vonum þó að eitthvað eftir sitji af ánægju, til að blóð, tár og sviti skáldsins hafi ei til einskis fallið og nafn þess sogist niður í drullumallið. Skáldið hér sína frumraun þreytir og biður að þið gagnrýnendur leitið í hjarta ykkar að umburðarlyndi, vonar að eitthvert ykkar fyndi jafnvel hjá sér þörf til að brosa (kannski úr læðingi hlátur að losa?) Leyfist okkur kannski að óska þess að þið farið héðan bæði kát og hress? Að lokum vil ég ykkur þakkir færa og sendi frá goðunum kveðju kæra.

NANNA fer út af sviðinu. Tjaldið fellur.